



## Vísun kjaradeilu til ríkissáttasemjara

Samninganefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hefur í dag tekið ákvörðun um að vísa kjaradeilu sinni við samninganefnd ISAVIA og Samtök atvinnulífsins (SA) til ríkissáttasemjara.

Viðræðuáætlun var undirrituð í viðræðuáætlun 15. mars 2019, samninganefndafundur hófust í apríl og hafa verið haldnir rúmlega 20 fundir, ýmist sameiginlegir fundir með Félagi flugvallarstarfsmanna ríkisins, stéttarfélaginu Sameyki og ISAVIA um sameiginleg mál og síðan hefur LSS og ISAVIA fundað um sérmál LSS.

Á fundi 23. janúar voru samningsaðilar (LSS og ISAVIA) búnir að ná sáttum um innihald nýs kjarasamnings, fyrir utan eitt atriði sem snýr að félagafrelsi þeirra sem sinni slökkvi- og björgunarþjónustu hjá ISAVIA. Skv. 18 gr. kjarasamnings LSS er samningsréttarákvæði sem sett var inn til að vernda lögbundið starf slökkviliðsmanna á sínum tíma sem vinna eftir lögum um brunavarnir og reglugerð um flugvelli (464/2007). Í dag starfar ISAVIA eftir lögum og reglugerðum frá Samgöngustofu og evrópureglugerðum og á þetta ákvæði því ekki við lengur. Þetta hamlar starfsmönnum sem sinna slökkvi- og björgunarþjónustu á flugvöllum sem ekki eru löggildir slökkviliðsmenn að ganga til liðs við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. LSS getur því ekki fengið nýja félagsmenn þar sem ISAVIA ræður ekki lengur aðila með löggildingu slökkviliðsmanna. Til að áréttta þá hefur ISAVIA lagt niður slökkvilið á flugvöllum og sameinað það öðrum störfum ásamt slökkvi- og björgunarþjónustu.

LSS hélt fundi með félagsmönnum sínum í Keflavík og Reykjavík og kynnti innihalds samnings. Gert var grein fyrir ágreiningi um félagsaðild LSS á milli aðila sem þyrfti að leysa þannig að hægt væri að klára samninga. Félagsmenn veittu samninganefnd LSS endurnýjað umboð og samþykktu að vísa kjarasamningi til sáttasemjara ef ekki yrði gengið að þessari kröfu.

Þann 14. febrúar barst endanlegt svar frá ISAVIA þar sem kröfu LSS er hafnað um að laga orðaval í þessari umræddu 18. grein. Er það því mat LSS að viðræður séu árangurslausar og er því deilu þessari vísað til ríkissáttasemjara. Í fylgiskjali má finna nánari rökstuðning LSS fyrir breytingu á 18 gr. í kjarasamningi LSS og ISAVIA.

Reykjavík, 18. febrúar 2020

f.h. Landssambands slökkviliðs-  
og sjúkraflutningamanna



Fylgiskjal – 1

# Kjarasamningar LSS og ISAVIA - Félagafrelsi

**Varðar: Gildissvið kjarasamnings LSS og ISAVIA**

**Dags. 18. febrúar 2020.**

Kjarasamningaviðræður Landssambands Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Isavia hafa gengið mjög vel að undanfögnu, sameiginlegur skilningur um flest mál og einnig rekstrarumhverfi Isavia í ljósi atburða síðasta árs. Nýverið voru samningar komnir það langt að aðeins eitt atriði er snýr að gildissviði samningsins bar í milli og strönduðu viðræður því miður á þessu. Að mati LSS er um grundvallarmál að ræða og mun félagið að vísa deilunni til Ríkissáttasemjara fallist ISAVIA ekki á þau sjónarmið LSS sem rakin eru í minnisblaði þessu.

ISAVIA hefur gert þá kröfu í viðræðunum að gildissviði kjarasamningsins verði lýst með eftirfarandi orðalagi:

## **18.1 Gildissvið**

*Samningur þessi nær til félagsmanna LSS sem starfa á flugvöllum í flokki 1 (skv. reglugerð nr. 464/2007) og eru löggiltir/fullnuma slökkviliðsmenn í skilningi laga um brunavarnir nr.75/2000.*

*Samningurinn tekur til starfa sem skilgreind eru í samningnum.*

Orðalag þetta var í eldri kjarasamningi en tekur ekki mið af núverandi lagaumhverfi og verður því að breytast að mati LSS eins og rakið er hér á eftir.

LSS er fagstéttarfélag og er tilgangur þess að vinna að kjara- og réttindamálum allra slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, slökkviliðsstjóra, eldvarnareftirlitsmanna og annarra þeirra er vinna að björgunar og slysavörnum í aðalstarfi, sbr. 2.1. gr. laga félagsins. Þá er það einnig tilgangur félagsins að semja við vinnuveitendur um kaup og kjör fyrir félagsmenn sína og um önnur þau atriði, sem samningsumboð stéttarféлага almennt nær til, sbr. 2.2. gr. Rétt til aðildar að LSS eiga m.a. þeir sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir og/eða sjúkraflutninga, þeir sem vinna að björgunar- og slysavörnum í aðalstarfi svo og þeir sem vinna að öryggis og neyðarmálum, sbr. 3.1. og 3.2. gr. laganna.

Samkvæmt gildandi lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra er rekstraraðila flugvalla skylt að uppfylla ákveðnar kröfur um björgunar- og slökkvipjónustu (Rescue and firefighting services) á stærstu flugvöllum landsins (Keflavíkflugvöllur, Reykjavíkflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilstaðaflugvöllur), sbr. ADR.OPS.B.010 í B-kafla IV. viðauka reglugerðar ESB nr. 139/2014, sbr. innleiðingarreglugerð nr. 1083/2018. Kröfur þessar snúa m.a. að

- Björgunar- og slökkviaðstöðu, búnaði og þjónustu fyrir flugvelli.
- Að viðunandi búnaður, slökkviefni og nægilegur fjöldi starfsfólks séu tæk tímanlega.



- Að starfsfólk björgunar- og slökkviþjónustu hafi tilskilinn búnað, hæfi og þjálfun til að starfa á flugvallarsvæðinu.
- Að starfsfólk björgunar- og slökkviþjónustu, sem þarf að bregðast við neyðarástandi í tengslum við flug, sýni fram á heilbrigði til að geta gegnt með fullnægjandi hætti skyldustörfum sínum, að teknu tilliti til tegundar starfrækslu.

Í eldri reglugerð um flugvelli nr. 464/2007, sbr. rgl. nr. 1258/2011, var bein tilvísun í reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001 í ákvæðum um menntunarkröfur til starfsmanna björgunar- og slökkviþjónustu flugvalla. Skýrir það tilvísun fyrri kjarasamnings til ákvæða laga um brunavarnir. Þetta ákvæði reglugerðar um flugvelli féll niður að því er varðar framangreinda flugvelli við gildistöku reglugerðar nr. 75/2016 um kröfur og stjórnástandi meðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Tilvísunin er því marklaus í gildissviðsákvæði kjarasamnings, enda ljóst að það byggir á úreltum lagareglum.

Starfsfólk ISAVIA sem sinnir störfum við björgunar- og slökkviþjónustu á flugvöllum samkvæmt framangreindum kröfum getur átt aðild að LSS samkvæmt lögum félagsins. Störf og starfsumhverfi slökkviliðsmanna sveitarfélaganna annars vegar og starfsmanna björgunar- og slökkviþjónustu flugvalla hins vegar, eru í grundvallaratriðum sambærileg. Í báðum tilvikum er um hættulegt starfsumhverfi að ræða sem löggjafinn hefur metið þess eðlis að setja þurfi í sérstakar kröfur til verndar starfsmanninum t.d. um búnað, þ.m.t. hlífðarbúnað, viðbúnað, mannafla, hæfni starfsmanna, réttindi þeirra, þjálfun og heilbrigðisástand. Þessar kröfur eru í lögum um brunavarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim að því er varðar þá starfsmenn sveitarfélaganna sem sinna slökkvistarfi, en í lögum um loftferðir og reglugerðum settum samkvæmt þeim fyrir starfsmenn björgunar- og slökkviþjónustu flugvallanna. Til viðbótar gilda ákvæði vinnuverndarlöggjafarinnar í báðum tilvikum og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað nr. 1088/2013 fyrir þá starfsmenn sem ætlað er að starfa við reykköfun, hvort sem er í slökkviliðum sveitarfélaganna eða á flugvöllum.

Skýrt er að í kjarasamningsviðræðum LSS við ISAVIA er verið að semja um starfskjör þeirra starfsmanna ISAVIA sem sinna björgunar- og slökkviþjónustu á flugvöllum og eru félagsmenn í LSS og telur LSS eðlilegt að það sé skýrt í gildissviðsákvæði kjarasamningsins. Krafa LSS er því að 18.1. gr. orðist svo:

### **18.1 Gildissvið**

*Samningur þessi nær til félagsmanna LSS sem starfa við björgunar- og slökkviþjónustu á þeim flugvöllum þar sem gerð er krafa um slíka þjónustu.*

Af gefnu tilefni bendir LSS á að samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, er félagafrelsi í landinu og er ISAVIA óheimilt að hafa afskipti af því hvaða stéttarfélagi starfsmenn björgunar- og slökkviþjónustu flugvallanna tilheyra. Slökkviliðsmenn á flugvöllum hafa lengi tilheyrt LSS og eiga fullkomlega þar heima miðað við verksvið og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í íslenskri löggjöf og alþjóðlegum öryggisviðmiðum fyrir flugvelli.

Isavia er aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu Þjóðanna (UN Global Compact) og hefur skuldbundið sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginþætti Sameinuðu



Þjóðanna þar um. Þar er tekið fram að fyrirtækinu ber að styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Það er von LSS að ISAVIA fallist á þessa kröfu þannig að hægt sé að ganga frá kjarasamningi.

Virðingarfyllt,

---

Steinþór Darri Þorsteinsson,  
Formaður samninganefndar LSS